

Nr. 074 / 12 Von GK 113**Stjórnvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2733
Smíðaður: Hafnarfirði 2007 plast
Stærð: 11,6 brl. 15 bt.
Mesta lengd: 13,02 m Skráð lengd: 11,36 m
Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Yanmar 368 kW 2007
Fjöldi skipverja: 4



Von ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júlí 2012 var Von GK 113 á línuveiðum um 10 sml austur af Norðfjarðarflóa. Veður: Logn.

Við drátt línunnar þvarr afl línuspilsins svo skipstjóri fór niður í vélarúm. Þar stóð buna upp úr háþrýstikerfinu og áður en hann komst til að stöðva vélina hafði nær öll vökvakerfisolían sprautast úr því. Engin búnaður fannst í skipinu til að stöðva lekann og óskaði skipstjóri því eftir aðstoð til hafnar. Stýrið virkaði ekki þar sem engin olía var á kerfinu og ekki þorandi að hafa vélina í gangi.

Björgunarskipið Hafbjörg var sent til að draga Von GK til Neskaupstaðar.

Við rannsókn kom fram:

- að eitt vökvakerfi er í skipinu sem drífur alla vökvamótora og tjakka. Þetta á við vindubúnaðinn, bógskrúfu, stýrisbúnað og annan vökvabúnað. Vökvadælan er beintengd við vél og skammtar þrýsting eftir þörfum á búnaðinn. Nær 170 lítrar af olíu höfðu sprautast út í vélarúmið áður en vélin var stöðvuð og dælan hætti að snúast;
- að stjórnborðsmegin aðalvélar var þrýstimælir á vökvaprýstikerfinu þar sem olían sprautaðist út en tappi í mælinum hafði skotist úr honum. Tappinn hafði verið pressaður í gatið af framleiðanda mælisins og því ekki möguleiki að loka gatinu sem var 10 mm. Þó svo mælirinn væri fjarlægður af lögninni var enginn passandi tappi til um borð en skipstjóri sagðist hafa bætt þessu í varahlutalagerinn eftir óhappið;

- að íkveikjumark vökvakerfisolú er 300°C. Hitafletir á þessari vél sem ná þessum hita eða hærri eins og afgangsverflar og greinar (450°C) eru nokkuð vel varðir fyrir olíuúða;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa haft neinn möguleika á að sigla skipinu eftir að vökvakerfið bilaði þó svo að hann hefði getað blindað gatið. Því það var ekki til nægjanleg olía um borð. Þó hann hefði getað aftengt dæluna og gangsett vélina þá var stýrið jafn óvirkt samt sem áður.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar var galli í olíuþrýstimæli.

Sérstök ábending:

Nefndin ítrekar fyrri ábendingar í álitum hennar varðandi stýrisbúnað. *Sjá mál nr.: 148/07 og 152/10*